

Frágangur undir þröskulda.

Almennt.


Það sem er frábrugðið við þéttingu undir þröskuldum frá hefðbundnum þéttingum er m.a.

- það er myndast aukið og síendurtekið álag á þéttinguna þegar stigið er á þröskuldinn.
- bilið á milli þröskulds og gólfs verður oft meira en æskilegt er þegar ekki er steypdur tappi frá gólfinu og hæfilega uppundir þröskuldinn.
- þröskuldar er oft með öðru formi en aðrir hlutar karmsins.
- þröskuldurinn er ekki í sama fleti að innan og utan og aðrir hlutar karmsins.

Efnisyfirlit

Frágangur undir þröskulda.....	1
1. Hefðbundnir þröskuldar.....	1
2. Þröskuldar úr áli.	2
3. Þröskuldur fyrir innopnunar hurðir.....	4

1. Hefðbundnir þröskuldar



Þröskuldur með loftuðu undirleggi

Þröskuldar úr timbri með sama formi og karmurinn hafa góðan styrk. Það er þó ástæða til að setja undirleggsklossa á minnst tveim stöðum undir þröskuldinn til að tryggja að það myndist ekki áraun á þéttinguna í hver skipti sem stigið er á þröskuldinn.

Þess þarf þó að gæta að klossarnir rýri ekki möguleikann í öruggri þéttingu.

F.Hansen

Gluggaísetningar og slagregnsprófanir

Ef bilið undir þröskuldinum niður að gólfi er meira en æskilegt er til að hægt sé að forma góða fúgupéttingu getur verið ráð að útbúa undirlegg úr PVC eða öðru álíka efni sem dregur ekki í sig raka og koma því fyrir undirþröskuldinum þannig að það styðji þétt undir þröskuldinn.

Breiddin á undirlegginu má ekki vera meira en svo að það sé pláss fyrir pulsu og kítta að innanverðu og 10 mm bil innan við öndunarborða að utanverðu.


Ef notaður er þennslu- öndunarborði að utanverðu þarf að gera ráð fyrir þykkt hans ásamt 10 mm bili fyrir framan undirleggið. (sjá mynd hér að neðan í kafla 2)

Góð pétting að innan og öndunarborði að utan tryggir að svæðið undir þröskuldinum helst ávallt þurrt.

Ef bilið undir þröskuldinum niður að gólfi er meira en æskilegt er svo hægt sé að forma góða fúgupéttingu getur verið ráð að hafa undirlegg sem nær alveg eftir endilöngum þröskuldinum. Síðan má fræsa 10 x 20 mm fals bæði að ofan og neðan eftir endilöngu undirlegginu að innan og skapa þannig pláss fyrir tvær kítisfúgur að innan í stað einnar. (sjá mynd)

Mikilvægt er að allir snertifletir fyrir kítta eða lím, þétti- og öndunarborða séu heilir og lausir við ryk og fitu. Það þarf því að gera við alla skemmda fleti með þéttmúr og jafnvel hreinsa óhreinindi með bollaskífu áður en hurðin er sett í gatið.

2. Þröskuldar úr áli.



Álþröskuldur

Það getur verið erfitt að koma því við að nota þéttiborða að innanverðu á þröskulda úr áli því oft er þröskuldurinn það þunnur að ekki er nægilegur flötur til að líma borðann á. Þess vegna er oftast en ekki kíttað undir þröskulda að innanverðu.

Þröskuldar úr áli eru oft frekar þunnir og því burðarlitlir. Það leiðir til þess að það reynir mikið á péttinguna milli gólfs og þröskulds þegar á hann er stigið. Það getur leitt til þess péttingin gefur sig fyrr eða síðar. Það er því nauðsynlegt að setja undirlegg undir þröskuldinn til að auka burð hans og létta þar með álaginu af péttinguna.

Breiddin á undirlegginu má ekki vera meira en svo að það sé pláss fyrir pulsu og kítta að innanverðu og 10 mm bil innan við öndunarborða að utanverðu.

Ef notaður er þennslu- öndunarborði að utanverðu þarf að gera ráð fyrir þykkt hans ásamt 10 mm bili fyrir framan undirleggið.


F.Hansen

Gluggaísetningar og slagregnsprófanir

Ef bilið undir þröskuldinum niður að gólfi er meira en æskilegt er svo hægt sé að forma góða fúgupéttingu getur verið ráð að hafa undirlegg sem nær alveg eftir endilöngum þröskuldinum.

Síðan má fræsa 10 x 20 mm fals bæði að ofan og neðan eftir endilöngu undirleggjinnu að innan og skapa þannig pláss fyrir tvær kíttisfúgur að innan í stað einnar. (sjá mynd)

Í slíkum tilfellum þar að tryggja að ekki liggi raki í lengri tíma undir undirleggjinnu eða á milli undirleggsins og þröskuladarins. Til að draga úr því er má saga 4 til 5 mm rásir þversum í undirleggið með 15 til 20 mm millibili eða lyfta því ca 5 mm frá gólfinu með öðrum hætti.



Þröskuldur með tveimur þéttifúgum og loftræstu undirleggi.

Með góðri þéttingu að innan og öndunarborða að utan með þverrásum í undirleggjinnu tryggir að svæðið undir þröskuldinum helst ávallt þurrt.

Það má nota smá múr undir undirleggið ef gólfið er ekki lárétt. Múrin má þó ekki koma út undan undirleggjinnu því að það gæti skert þéttinguna.


Til að öndunarraufarnar fyllist ekki af múr má setja þunnan pappír á milli og halda þannig múrnum frá raufunum.

Mikilvægt er að allir snertifletir fyrir kítti eða lím, þétti- og öndunarborða séu heilir og lausir við ryk og fitu. Það þarf því að gera við alla skemmda fleti með þéttmúr og jafnvel hreinsa óhreini með bollaskífu áður en hurðin er sett í gatið.

F.Hansen

Gluggaísetningar og slagregnsprófanir

3. Þröskuldur fyrir innopnunar hurðir



Þröskuldur fyrir innopnunarhurð

Framleiðendur geta ekki beitt sömu aðferðum til þéttinga á milli karms og hurðarblaðs á innopnunarhurðum og á útopnunarhurðum.


Það er vegna þess að á innopnunarhurðum er þéttilistinn við útbrún hurðarblaðsins, festur oftast á hurðarblaðið sjálf en stundum festur í falsið á hurðarkarminum.

Þessu er öfug farið á hurðum sem opnast út þar sem þéttilistinn er innstur.

Hurðir sem opnast út eru þarf af leiðandi með tveggja þrepa þéttingu en ekki hurðir sem opnast inn.

Að óbreyttu eru miklar líkur á að hurð sem opnast inn muni leka ef ekkert er að gert.

Lausnin til að koma í veg fyrir leka er að hafa þröskuldinn undir hurðarblaðinu með hallandi yfirborði útávið og með grynna falsi en falsið í hæðastykkjunum.



Dæmi um útfærslu á innopnunarhurð við þröskuld. Drengöng úr rauf.

Þetta verður þess valdandi að vatn sem kemst að og lekur niður þéttilistann kemur niður á hallandi yfirborði þröskuldsins og lekur út.

Hurðarstál á hurðum sem opnast inn og er til að hlífa þröskuldinum er oftast beygt þannig að það myndar frekari vatnshindrun undir hurðarblaðinu.

Þrátt fyrir þessa aðgerðir er nokkuð víst að í mikilli úrkomu og sterkum vindi dragist einn og einn dropi inn fyrir þéttinguna á þröskuldinum.

Þá hafa margir framleiðendur brugðið á það ráð að fræsa rauf í falsið á þröskuldinum.

En þar sem falsið í innopnunarhurð snýr inn en ekki út kemst vatnið ekki út af sjálfum sér.

F.Hansen

Gluggaísetningar og slagregnsprófanir

Þá verður að bora gög í botn raufarinnar og leiða vatnið sem kemst í raufina, niður í gegnum drengötin og út fyrir þröskuldinn.

Þá er mikilvægt að fagmaðurinn sem setur hurðina í gæti þess að götun séu hrein að ísetningu lokinni og ekkert hindri að vatnið eigi greiða leið út í gegnum drenrörin.

Hann þarf jafnframt að tryggja að þennsluborðinn undir þröskuldinum sé innan við drenrörin.